



Alþingi  
Erindi nr. P 140/1052  
komudagur 16.2.2012

Reykjavík, 15. febrúar 2012

Nefndasvið Alþingis,  
Umhverfis- og samgöngunefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, 375. mál til umsagnar**

Við vísum í tölvupóst 6. febrúar sl. þar sem Olíuverzlun Íslands hf. var sent umrætt frumvarp til umsagnar.

Olíudreifing ehf., sem er dótturfyrirtæki Olís, og sér um birgðahald og dreifingu á eldsneyti fyrir félagið, hefur þegar sent inn umsögn um frumvarpið í bréfi dags. 6. febrúar sl.

Olíuverzlun Íslands hf. styður framkomna umsögn Olíudreifingar ehf.

Virðingarfyllt,  
Olíuverzlun Íslands hf.

Einar Benediktsson, forstjóri

Meðfylgjandi afrit af bréfi Olíudreifingar dags. 6. febr. 2012.

Reykjavík, 6. febrúar 2012

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda**

Með tölvupósti dags 6. febrúar, var Ólíudreifing ehf beðin um að veita umsógn um 375. mál 140. lögjafarþings, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, með síðari breytingum (mengunarvarnaráð hafna og bráðamengun).

Almennt séð er ástæða til að fagna frumvarpinu, sem felur í sér einföldun á kerfi sem aldrei hefur virkað eins og ætlast var til og telur félagið að stofnun eins mengunarvarnaráðs fyrir allt landið sé líklegra til árangurs.

Félagið telur þó ástæðu til að gera athugasemd við að fulltrúar mengandi starfsemi og siglinga skuli ekki eiga aðild að mengunarvarnaráði hafna. Mætti hugsa sér að fulltrúi Samtaka Atvinnulífsins, SA, myndi gegna slíku hlutverki. Á sama hátt mætti færa rök fyrir því að náttúruverndarsamtök ættu einnig að eiga einn fulltrúa í mengunarvarnaráði hafna.

Eins virðist við samningu þessa frumvarps, eins og yfirleitt, gleymast að fleiri aðilar en sveitarstjórnir sem sameinast í Hafnarsambandi Íslands, reki hafnir. Þar á meðal Ólíudreifing, sem rekur höfnina að Litla-Sandi í Hvalfirði, ásamt Hval hf.

Væri eðlilegt að slíkir aðilar ættu einnig fulltrúa í mengunarvarnaráði hafna. Mætti hugsa sér að fulltrúi SA í mengunarvarnaráði hafna væri einnig fulltrúi þessara hagsmuna.

Í frumvarpinu er fjallað um viðbragðsáætlanir hafna. Telur félagið rétt að í lögnum sé Umhverfisstofnun skylduð til að gefa út fyrirmynd að viðbragðsáætlun, svo hver höfn sé ekki að finna upp sitt eigið form með mismunandi árangri og hættu á misræmi milli hafna í viðbúnaði og viðbragði.

Eðlilegt væri einnig að Umhverfisstofnun sjái um birtingu viðbragðsáætlunanna á vef sínum, svo aðilar geti lært bestu siði og lausnir hver af öðrum.

Eins ætti að setja skylduna á tilkynningu á mengunaróhöppum á sjó til vaktstöðvar siglinga.

Að lokum er rétt að ítreka að umrætt frumvarp er framfaraskref og vonar að nægjanlegir fjármunir muni fylgja þeim breytingum sem um ræðir.

Virðingarfyllst  
f.h. Ólíudreifingar ehf.,

Gestur Guðjónsson  
Umhverfis- og öryggisfulltrúi

Afrit

-